



Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,

150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/982*  
*komudagur 7.3.2005*  
*1/9*

Reykjavík, 4. mars 2005  
Tilvísun: 2005020027

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja.  
364. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmiðið er að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði í takt við almenn samkeppnissjónarmið. Þegar nánar er gáð þá felast í þessu frumvarpi verulegar breytingar á skattalegu umhverfi veitufyrirtækja, fyrirtækja sem hafa verið í eigu sveitarfélaga og hafa veitt þjónustu sem hingað til hefur verið litið á sem samfélagslega þjónustu.

Með gildistöku nýrra raforkulaga nr. 65/2003 urðu miklar breytingar á umhverfi raforkufyrirtækja. Umrædd lög fela í sér aðskilnað milli framleiðslu, flutnings, dreifingu og sölu á raforku. Ásamt því að markaðleg arðsemiskrafa er sett á rekstur þeirra. Í kjölfar síðustu breytinga á raforkumarkaði, sem tóku gildi um síðustu áramót þegar flutningur og dreifing á raforku var aðskilin, urðu miklar hækkanir á raforku. Orkufyrirtækin rökstuddu hækkanirnar með auknum kostnaði sem þau hefðu orðið fyrir við kerfisbreytinguna á raforkumarkaði. Breytingarnar á raforkumarkaði eru ekki að fullu komnar til framkvæmda. Um næstu áramót verður sala á raforku verður að full gefin frjáls. Reynsla annarra þjóða sýnir það muni taka raforkumarkaðinn allnokkurn tíma að ná nýju jafnvægi. Því er það óráðlegt að ráðast í aðrar umfangs miklar breytingar á umhverfi orkufyrirtækja án þess að áhrif nýrra raforkulaga verða komin í ljós.


Það er vert að benda á í þessu sambandi að þrátt fyrir að markmið nýrra raforkulaga sé að auka samkeppni á orkumarkaði er ljóst að hún mun verða takmörkuð. Skýrist það af smæð markaðarins og landfræðilegri legu landsins. Það er því líklegt að hér á landi muni í besta falli ríkja fákeppni á raforkumarkaði. Það eru sterkar líkur á því að fyrirtækin muni nýta sér þessar aðstæður á markaði og velta útgjöldum vegna tekju- og eignaskatts út í verðlag á orku og það mun koma mest niður á almennum neytendum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að erfitt er að leggja mat á áhrif þessara breytinga á raforkuverð og arðsemi orkufyrirtækja.

Alþýðusambandið telur það óásættanlegt að ráðist verði í frekari umbreytingar á orkumarkaði án þess að lagt verði mat á áhrif þeirra fyrir neytendur.

Alþýðusambandi leggur því til að frumvarpið verði ekki samþykkt.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

  
Ingunn S. Þorsteinsdóttir,  
hagfræðingur

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1118  
komudagur 22.3.2005



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2005

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja,  
mál nr. 364**

Með nýjum orkulögum er stefnt að markaðsvæðingu orkugeirans. Ekki er líklegt að á Íslandi verði í fyrirsjáanlegri framtíð mikil samkeppni á þessu sviði. Þvert á móti er líklegt að fákeppni verði upp á teningnum og lítil hvatning þar af leiðandi fyrir orkufyrirtæki að halda niðri kostnaði í samkeppni um notendur. Þegar hafa breytingar vegna laga um endurskipulagningu raforkugeirans haft í för með sér hækkun á raforkuverði og er fyrirsjáanlegt af framangreindum ástæðum að auknum kostnaði verði áfram velt yfir á notendur. Þá má nefna að stórnotendum í stóriðju er veittur afláttur af orkuverði, iðulega í föstum samningum auk þess sem þeir búa við skattfríðindi. Skattaálögur á orkuiðnaðinn mun enn auka á þá mismunun sem almennir notendur búa við annars vegar og stóriðjan hins vegar.

Þá er rétt að nefna að orkuveitur eru margar í eigu sveitarfélaga sem hafa af þeim arð. Skattlagning orkugeirans eins og frumvarpið gerir ráð fyrir mun veita fjármunum í ríkissjóð. Afleiðingarnar munu verða þær að möguleikar sveitarfélaganna til að beina fjármagni úr orkustofnunum sínum inn í aðra samneyslu á vegum sveitarfélagsins verða minni fyrir vikið.

Afstaða BSRB er eindregið sú að grunnþjónusta á borð við raforku og hitaveitu svo og almennar vatnsveitur eigi að vera í eigu ríkis og sveitarfélaga og reksturinn undir handarjaðri hins opinbera. Slík þjónusta á að vera undanskilin skattlagningu. Í samræmi við þetta leggst BSRB gegn samþykkt þessa frumvarps.

f.h. BSRB  
A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Svanhildur Halldórsdóttir'.  
Svanhildur Halldórsdóttir



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi  
Erindi nr. P 131/980  
komudagur 7. 3. 2005

Reykjavík 3. mars 2005  
Tilv. FLE 5-2005

**Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
c/o Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**


**Málefni: Frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál.**

Með bréfi dags. 10. febrúar sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,  
Félag löggiltra endurskoðenda

  
Sigurður B. Arnþórsson  
formaður

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/895  
komudagur 28. 2. 2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

**Frá Félagi raforkubænda  
Umsögn um frumvarp um skattskyldu orkufyrirtækja.**

Almennt séð er eðlilegt við núverandi aðstæður að orkufyrirtæki greiði skatta til ríkis og sveitarfélaga sem önnur fyrirtæki í landinu.

Þó skal tekið fram eftirfarandi.

Við lagasetningu um ofangreint málefni er nauðsynlegt að huga enn betur en gert er í frumvarpinu að misjafnri stöðu orkufyrirtækja með tilliti til langvarandi og lögbundins skattleysis allra stærstu orkufyrirtækjanna.

Með tilliti til samkeppnisstöðu þeirra orkufyrirtækja sem ekki hafa og munu aldrei njóta sömu friðinda samkvæmt frumvarpinu skal bent á að samkvæmt reglum þess um myndun eignarskattsstofns mun koma fram mikil mismunun um rauneignir og gjaldstofn.

Ennfremur skal minnt á lögbundin sérréttindi stórfyrirtækjanna hvað varðar afnám stimpilgjalda af lánum. Eðlilegt væri að aflétta þeirri skattlagningar mismunun með því að afnema á gjaldtöku hjá öllum orkufyrirtækjum og endurgreiða þeim sem greitt hafa. Annað hvort með sér ákvæði í þessu frumvarpi eða öðru samtímis.

Bent skal á að þeim margbrotnu fyrmingareglum sem tilgreindar eru í frumvarpinu verður e.t.v. erfitt að framfylgja við skattskil minni stöðva þar sem ekki hefur verið haldið aðgreindu í bókhaldi hinum ýmsu þáttum framkvæmdakostnaðar.

Tímabundin skattfriðindi minni orkufyrirtækja t.d. til 10 ára gæti jafnað út að hluta þeirrar miklu jákvæðu mismununar sem stærstu orkufyrirtækin hafa notið. Nefnd skattfriðindi hljóta hafa haft mikil áhrif og munu hafa áfram á það verðlag á raforku sem í gildi verður á komandi árum. Jafnframt því að stórfyrirtækin hafa notið sérstakra kjara á lánamarkaði vegna þjóðarábyrgðar og/eða stórra sveitarfélaga.

Krafa Félags raforkubænda er að samkeppnissjónarmiða verði gætt í hvívetna við lögfestingu þessa frumvarps svo að samkeppni á raforkuarkaði geti byggst á heiðarlegum og sanngjörnum grunni.

19.02.05

Fyrir hönd Félags raforkubænda,

Afrit. Samkeppnisstofnun.



## Áætlun tekjuskatts orkufyrirtækja út frá fyrirliggjandi ársreikningum

<i>Fjárhæðir í milljónum kr.</i>		Landsvirkjun	Orkuveita Reykjavíkur	RARIK	Hitaveita Suðurnesja	Orkubú Vestfjarða	Orkuveita Húsavíkur	Norðurorka	Samtölur ársins
Tekjur	2001	13.009,2	10.515,6	5.366,4	2.815,6	920,3	201,6	1.252,2	34.081,0
	2002	13.576,8	11.274,9	5.817,8	3.461,5	981,2	232,1	1.259,9	36.604,2
	2003	12.967,5	11.816,1	5.918,3	3.508,6	1.010,8	232,4	1.371,5	36.825,2
Hagnaður fyrir skatta	2001	-1.838,7	-533,3	-379,7	613,1	-112,7	-98,5	-27,9	-2.377,6
	2002	5.729,1	3.005,5	109,6	807,3	-90,0	103,5	131,2	9.796,1
	2003	1.551,4	1.279,2	-114,1	726,2	-85,7	20,9	66,1	3.444,1
Útreiknaður tekjuskattur (18% af hagnaði)	2001	0,0	0,0	0,0	110,4	0,0	0,0	0,0	110,4
	2002	1.031,2	541,0	19,7	145,3	0,0	18,6	23,6	1.779,5
	2003	279,3	230,3	0,0	130,7	0,0	3,8	11,9	655,9
Hagnaður eftir skatta	2001	-1.838,7	-533,3	-379,7	502,8	-112,7	-98,5	-27,9	-2.488,0
	2002	4.697,8	2.464,5	89,8	662,0	-90,0	84,8	107,6	8.016,6
	2003	1.272,1	1.049,0	-114,1	595,5	-85,7	17,2	54,2	2.788,2
Eigið fé skv. efnahagsreikn.	2001	37.695,7	34.934,9	10.964,4	9.548,9	4.299,2	204,3	866,6	98.514,1
	2002	39.978,9	37.836,1	10.860,0	11.081,3	4.196,1	307,8	1.039,5	105.299,6
	2003	41.180,2	39.699,1	10.526,9	11.849,7	4.099,8	328,7	1.155,9	108.840,3
<b><u>Aðrar upplýsingar:</u></b>									
Greiddur arður	2001	284,7	1.300,0	212,0	520,0	0,0	0,0	0,0	2.316,7
	2002	321,3	1.299,5	214,0	805,0	0,0	0,0	0,0	2.639,8
	2003	350,0	1.361,7	219,0	270,0	0,0	0,0	0,0	2.200,7
Afskriftir	2001	5.391,2	2.592,4	1.053,1	497,8	290,5	59,4	416,0	
	2002	5.181,5	2.983,2	1.156,1	597,7	310,0	68,7	443,1	
	2003	5.226,4	3.294,1	1.086,4	628,4	316,1	67,8	481,5	

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1172  
komudagur 5. Y. 2005

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1400  
komudagur 19.4. 2005

Fjármálaráðuneytið  
19. apríl 2005

### Athugasemdir vegna frumvarps til laga um skattskyldu orkufyrirtækja.


#### Vatnsveitur:

Í frumvarpi um skattskyldu orkufyrirtækja er ekki kveðið á um skattskyldu vatnsveitna. Í þeim tilvikum sem vatnsveitur er reknar innan hlutafélags sem fram til þessa hefur notið skattfríðinda (sbr. t.d. Hitaveita Suðurnesja) verða tekjur vatnsveitunnar skattskyldar í framtíðinni, þar sem skattfríðindin verða afnumin með frumvarpi iðnaðarráðherra um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði. Almenna reglan um skattundanþágur í tekjuskattslögunum (2. tölul. 4.gr.) tekur til sýslu- og sveitarfélaga og fyrirtækja og stofnana sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á. Vatnsveitur sem reknar verða á slíku formi verða því áfram skattfrjálsar (sbr. t.d. Orkuveita Reykjavíkur sem er sameignarfyrirtæki). Smærri vatnsveitur, sem reknar eru af t.d. bændum fyrir sumarbústaði, verða skattskyldar hér eftir sem hingað til.

#### EES-vinkill:

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur frá árinu 2002, í kjölfar kæru, haft til skoðunar núgildandi undanþágur íslenskra orkufyrirtækja frá ýmsum sköttum og opinberum gjöldum. Að mati ESA fela slíkar skattaundanþágur til tilgreindra fyrirtækja í sér ólögmeta ríkisaðstoð sem er í andstöðu við viðkomandi efnisákvæði samningsins um evrópska efnahagssvæðið og er til þess fallin að raska samkeppni á orkumarkaði innan svæðisins. Íslensk stjórnvöld hafa greint ESA frá frumvörpum þeim sem nú eru til meðferðar á Alþingi; annars vegar frumvarpi til laga um skattskyldu orkufyrirtækja og hins vegar frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði (afnám skattaívilnana). Telja verður líklegt að verði umrædd lagafrumvörp ekki að lögum muni ESA beina þeim formlegu tilmælum til íslenskra stjórnvalda að afnema umræddar skattaívilnanir og í kjölfarið, verði íslensk stjórnvöld ekki við þeim tilmælum, kæra íslensk stjórnvöld fyrir EFTA dómstólinn fyrir brot á samningsskuldbindingum Íslands.

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1031  
komudagur 9.3.2005



HITAVEITA  
SUÐURNESJA HF.

Alþingi,  
Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjanesbæ, 28. febrúar 2005

NJARÐVÍK,

### Varðar: Frumvarp um skattskyldu orkufyrirtækja

Orkufyrirtækin eru í dag undanþegin tekju- og eignarskatti. Við langtímaáætlanagerð hefur alfarið verið byggt á skattleysi fyrirtækjanna. Fjárfestingar og samningar um orkusölu hafa því byggt á að fyrirtækin greiddu ekki tekju- og eignarskatt til ríkisins. Arðsemisútreikningar einstakra framkvæmda hafa einnig byggt á þessum forsendum. Ákvörðun um að orkufyrirtækin greiði framvegis tekju- og eignarskatt kann að hafa veruleg áhrif á arðsemi þeirra framkvæmda sem orkufyrirtækin hafa ákveðið að ráðast í. Nauðsynlegt er að fram fari ítarleg skoðun á áhrifum frumvarpsins á rekstur og efnahag orkufyrirtækjanna áður en það verður að lögum.

Rétt er að hafa í huga við afgreiðslu frumvarpsins að skattheimtan mun væntanlega þýða hundruð milljóna króna útgjöld fyrir orkufyrirtækin til ríkisins. Þessum álögum verður ekki mætt nema með hækkun gjaldskráa orkufyrirtækjanna. Á það jafnt við heildsölugjaldskrár sem smásölugjaldskrár. Nauðsynlegt er að fram fari athugun á því áður en frumvarpið verður lagt fram hversu mikið gjaldskrár orkufyrirtækjanna verða að hækka til að mæta þessari skattheimtu. Hækkun á gjaldskrár orkufyrirtækja mun hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir neytendur og hafa áhrif á vísitölu neysluverðs.

Þá er vert að hafa í huga að sum orkufyrirtækjanna eru í sameign ríkis og sveitarfélaga. Gera verður ráð fyrir að sveitarfélögin, sameigendur ríkisins, sætti sig ekki við að ríkið eitt áskilji sér tekjur af þessum fyrirtækjum. Gera verður ráð fyrir að þessi mál verði rædd á fundum eigenda og á samráðsvettvangi ríkis og sveitarfélaga.

Eftirfarandi beinar athugasemdir/ábendingar eru gerðar:

#### Endurmat eigna:

Við hlutafélagavæðingu og sameiningu Hitaveitu Suðurnesja, Rafveitu Hafnarfjarðar og Bæjarveitna Vestmannaeyja átti sér stað endurmat á eignum þessara félaga. Ekki var gengið út frá bókfærðu virði við þessar sameiningar heldur var lagt mat á þær eignir á hverjum stað og fyrningargrunnur Hitaveitu Suðurnesja hf. samræmdur. Við kaup á rafveituhluta Selfossveitna var ekki gengið út frá bókfærðu virði eigna heldur var um að ræða samningsverð, m.a á grundvelli endurmats. Jafnframt eru skilin í fjárfestingum HS hf ekki jafn skýr og í 4. gr. frumvarpsins. HS hf telur það nánast ógerlegt að heimfæra eignir í þá flokka að fullu leiti, þar sem ekki öll frumgögn eru til staðar og bendum þá m.a. á að eingöngu er krafist geymslu frumgagna í 7 ár. HS hf telur því eðlilegra að miðað verði við endurstofnverð.



**Fyrningar og fyrningahlutföll:**

HS hf bendir á að í upptalningu eignaflokka virðist t.d. ekki vera gert ráð fyrir borholum sérstaklega.

**Óskattskyldur hluti:**

Kveðið er á um í athugasemdum með frumvarpinu að aðgreina skuli að fullu skattskylda starfsemi og óskattskylda bæði rekstrarlega og efnahagslega. HS hf telur að fullur efnahagslegur aðskilnaður sé illfrankvæmanlegur og í raun óþarfur. Alþingi hefur þegar samþykkt afnám eignaskatts þann 31. desember 2005, þ.e. fyrir áætlaða gildistöku þessara laga. Jafnframt má geta þess að ákvörðun um hvaða framkvæmdir eru fjármagnaðar með eigin fé og hverjar með lánsfé er ekki einhlít.


**Yfirfæranlegt tap:**

Samkvæmt lögum um tekju- og eignaskatt er heimilt að flytja skattalegt tap á milli rekstrarára, þó með þeirri takmörkun að það fyrnist á 10 árum. Mikil sveifla er í afkomu orkufyrirtækja sem oft á tíðum orsakast af miklum gengissveiflum og háum fjármagnskostnaði við byggingu nýrra orkuvera. Við teljum því mikilvægt að skattalegt tap fyrnist ekki.

**Áhrif á orkuverð:**

Hitaveita Suðurnesja hf. er að mestu leyti í eigu sveitarfélaga. Nokkuð ljóst er að þau gera ákveðnar arðsemiskröfur til fyrirtækisins. Til að mæta auknum álögum er líklegt að hækka þurfi orkuverð. Að þessu framansögðu er rétt að benda á að Hitaveita Suðurnesja hf. hefur gert samninga um orkusölu til stóriðju til allt að 20 ára. Þegar þessir samningar voru gerðir var ekki gert ráð fyrir í arðsemisútreikningum að breytingar yrðu á skattalegu umhverfi orkufyrirtækja. Af því leiðir að álögur á aðra notendur munu að líkindum aukast og vill HS hf vill benda á, að með nýjum raforkulögum er nýlega búið að auka álögur verulega sem á aðlögunartíma hafa leitt til um 15% hækkunar raforkuverðs og enn meira þegar fram líða stundir.

Virðingarfyllst,  
f.h. Hitaveitu Suðurnesja hf.



---

Júlíus J. Jónsson  
forstjóri

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Tilv. yðar:  
Tilv. vor: 98.11  
Reykjavík, 28.02.2005

Með vísan til erindis Efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 10. febrúar sl., sendist hér með umsögn Landsvirkjunar um frumvarp fjármálaráðaherra um skattskyldu orkufyrirtækja.

### Tímalengd yfirfæranlegra tapa

Í frumvarpinu eru engin sérákvæði um tímalengd yfirfæranlegra tapa. Það þýðir að almenn ákvæði laga um tekju- og eignarskatt eiga að gilda um það efni. Samkvæmt 8. tölulið 31. gr. laga um tekju- og eignarskatt, nr. 90/2003, er heimilt að færa eftirstöðvar rekstrartapa síðastliðinna tíu ára á móti hagnaði. Vegna mikilla sveiflna sem geta orðið hjá orkufyrirtækjum í afkomu, langt umfram það sem á við um annan atvinnurekstur, þá er það mat fyrirtækisins að þetta ákvæði laganna sé óviðunandi og verði að breyta. Þessu er haldið fram, jafnvel þótt nokkurt svigrúm sé til að þess að hafa áhrif á fjárhæð yfirfæranlegs taps með breytingum á afskriftahlutföllum, sem kveðið er á um í 5. gr. frumvarpsins.

Nokkur atriði styðja að tímalengd yfirfæranlegra tapa þarf að vera meiri en tíu ár. Eitt er það að orkufyrirtæki kunna eðli máls samkvæmt að búa við það ástand að hafa afkastagetu umfram eftirspurn eftir orku. Á þeim tíma er við því að búast að tap verði á rekstri, enda færast vaxtakostnaður og afskriftir af fullum þunga án þess að rekstrartekjur hækki með sambærilegum hætti. Meðan þetta ástand varir, sem getur tekið til nokkurra ára, hækkar yfirfæranlegt tap en fjárhæð þess getur verið slík að hagnaðarrektur síðar nær ekki að jafna tapið í skattalegum skilningi, ef yfirfærslutíminn er ekki nógu langur. Miklar breytingar á gengi gjaldmiðla geta einnig haft veruleg áhrif í þessu sambandi.

Í annan stað getur það gerst hjá orkufyrirtækjum að tap verði í bókhaldslegum skilningi (og skattalegum) framan af gangsetningu orkumannvirkja, jafnvel þótt afkastageta sé nýtt að fullu. Þetta á sérstaklega við um orkumannvirki sem byggð eru til þess að sinna orkukaupum tiltekinna stóriðjufyrirtækja. Verðlagningu í slíkum rekstri er þannig hagað að hagnaður verði á líftíma viðkomandi mannvirkja, en þar sem heildarkostnaður fer stíglækkandi á þeim tíma vegna þess að fjármagnskostnaður lækkar eftir því sem lán eru endurgreidd, en tekjur eru jafnar og stöðugar, er við því að búast að tap verði á fyrri hluta nýtingartímans en til mótvægis verulegur hagnaður á seinni hluta hans. Við þessar aðstæður er veruleg hætt á að tapið nýtist ekki í skattalegum skilningi ef yfirfærsla þess takmarkast við tíu ár, jafnvel þótt möguleiki sé á því að lækka afskriftir við gerð skattskila til þess að lágmarka hugsanleg skattalegt tjón vegna umræddra tímamarka. Í þessu sambandi skal bent á, að almennt er talið æskilegt að nokkurt samræmi sé í afskriftaaðferðum sem beitt er í bókhaldi og við





framtalsgerð. Að óbreyttum lögum er við því að búast að misræmi verði þar á milli en úr því má bæta með því að heimila yfirfærslu á rekstrartapi í tuttugu ár; það leiddi til þess að afskriftir í bókhaldi og á skattframtali yrði nánast eins. Í öllu falli væri afar óvenjulegt að afskriftir á framtali fyrirtækis eins og Landsvirkjunar séu skráðar talsvert lægri en í bókhaldi, þó að hið gagnstæða eigi iðulega við af ástæðum sem hér þykir ekki ástæða til að fjalla um.

Í samanburðarskyni þykir auk ofangreinds rétt að benda á, að rekstrartöp er unnt að færa á móti hagnaði á lengri tíma hjá ýmsum þjóðum en gildir hér á landi. Í Bandaríkjunum er t.d. unnt að færa tap á móti hagnaði yfir tuttugu ára tímabil (e. carry-forward of losses), en fyrst er þó heimilt þar í landi að nýta ákvæði um bakfæranleg töp í þrjú ár (e. carry-back) og er þá endurgreiddur skattur fyrri ára. Slíkt fyrirkomulag tryggir miklu betur en ella að fyrirtækjum sé ekki mismunað í skattgreiðslum eftir því hvernig afkomuþróun þeirra er.

Þá skal vakin athygli á því að í Danmörku og Svíþjóð eru engin tímamörk á yfirfærslu yfirfæranlegs taps og hið sama gildir um Írland. Í Noregi, Hollandi og á Bretlandi er heimilt að færa tap yfir í tíu ár, eins og gildir hér á landi, en á móti kemur það að hjá þessum þjóðum er einnig heimilt að bakfæra tap, allt frá einu og upp í þrjú ár. Í þessu sambandi skal minnt á að í eina tíð voru engin tímamörk á yfirfærslu rekstrartapa en því var breytt.

#### **Afnema þarf fiskræktarsjóðsgjald**

Að lokum þetta: Landsvirkjun verður gert að greiða tekjuskatt af hagnaði fyrirtækisins samkvæmt frumvarpi um skattskyldu orkufyrirtækja frá og með árinu 2006. Rétt þykir að vekja enn athygli á því að fyrirtækinu hefur verið gert að greiða skatta af starfsemi sinni í formi svonefnds fiskræktarsjóðsgjalds, sbr. ákvæði laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Hér er um hreinan skatt að ræða, því að greiða verður skaðabætur vegna vatnsaflsvirkjana, ef þær valda tjóni á laxa- og silungsveiðiréttindum. Því eru engin rök fyrir að skattleggja sérstaklega vissar gerðir orkumannvirkja. Slík mismunun stangast á við samkeppnissjóðarmið í nýjum raforkulögum.

Greiðslan nam um 8,5 millj. kr. fyrir árið 2003 en reiknast sem ákveðið hlutfall af tekjum af vatnsaflsstöðvum og hefur skattur þessi verið greiddur árlega frá gildistöku laganna. Verði frumvarpið um skattskyldu orkufyrirtækja að lögum þykir enn brýnna en áður að þessi skattur verði ekki lagður á fyrirtækið og er þeim tilmælum beint til Efnahags- og viðskiptanefndar að hún beiti sér fyrir því að þessi skattheimta á fyrirtækið verði aflögð og eigi síðar en frá árslokum 2005 eða um leið og skattskylda hefst samkvæmt frumvarpi því sem hér til skoðunar, verði það að lögum. Iðnaðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið eru sammála ofanefndum sjónarmiðum Landsvirkjunar og munu ræða þetta mál við landbúnaðarráðuneytið.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson  
forstjóri

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/872  
komudagur 25. 2. 2005

Tröðum  
24. febrúar 2005

**Til efnahags- og viðskiptanefndar**


Vegna frumvarps til laga um skattskyldu orkufyrirtækja

Í orkulögum nr. 58/1967 voru Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins og jarðboranir ríkisins ásamt hitaveitum og/eða rafveitum sem höfðu einkaleyfi til starfsemi undanþeginn tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga. Með framlögðu frumvarpi er lagt til að ofangreind fyrirtæki verði tekju- og eignarskattskyld samkvæmt lögum nr. 90/2003. Hins vegar er ekki tekið á gjöldum og öðrum sköttum í frumvarpinu, s.s. stimpilgjöld og fleiri sköttum.

Kveðið er á um í framlögðu frumvarpi að allar fyrnanlegar eignir verði núvirðismetnar. Sem hefur í för með sér að allar eigur fyrirtækjanna, hversu gamlar sem þær eru og í hvaða ástandi sem þær eru, verða núvirðismetnar þannig að fyrning hefst að nýju eins og um nýframkvæmd væri að ræða. Sem þýðir að raunverulegar skattagreiðslur hefjast ekki fyrr en eftir u.þ.b. 15-20 ár. Aftur á móti er einkafyrirtækjum í þessum sömu atvinnugreinum gert að greiða alla skatta að fullu.

Ekki verður séð með hvaða rökum festa megi slíka mismunun í sessi. Ekki þarf að útskýra það fyrir nefndarmönnum að samþykkt þessa frumvarps fær varla staðist jafnræðisákvæði laga. Förum við því þess á leit að nefndarmenn geri þær breytingar á frumvarpinu sem tryggja megi jafnræði milli fyrirtækja í orkugeira hvort sem þau eru í opinberri eigu eða einkaeigu.

Virðingarfyllt



Bjarni Einarsson

Stjórnarformaður Múlavirkjunar ehf.

## Athugasemdir vegna frumvarps til laga um skattskyldu orkufyrirtækja

Sú breyting sem frumvarpið leggur til er að öll orkufyrirtæki (undanþága í 4.gr tsl. fellur niður) skulu verða skattskyld skv. 2.gr tsl:

*Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á þessum lögadilum...*

Í gildandi lögum eru orkufyrirtæki undanþegin frá tekjuskatti og eignarskatti.

Ef frumvarpið fer í gegn munu allar fyrnanlegar eignir (mannvirki og lausafé), sem eru til á árinu 2005 og var aflað fyrir árslok 2001, fyrirtækjanna vera endurmetnar. Kostnaðarverð skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár fram til ársins 2001 og skal framreiknað kostnaðarverð mynda nýjan fyrningargrunn. (ekki verður takið tillit til afkomu liðinna ára). Þetta þýðir að verið er að nývirða eignir orkufyrirtækja sem til staðar eru. Ekki verður heimil yfirfærsla á rekstrartapi

Við mat á söluhagnaði eigna skal framreikna stofnverð þeirra og fyrningar eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmatið.

Fyrningahlutföll koma fram í frumvarpinu þar sem þau koma ekki fram í tsl. (sjá þó 10.tl b.liðar 5.tl 1.mgr 37.gr tsl – þar sem er talað um fyrningarhlutföll 3-6% fyrir mannvirki önnur en þau sem sérstaklega eru tekin fram annars staðar í greininni)

Athyglisvert er að þau orkufyrirtæki sem fara fyrir endurmat hafa fast fyrningarhlutfall sem er lágmarks fyrningarhlutfall fyrir önnur orkufyrirtæki. Þetta þýðir að þau orkufyrirtæki sem til staðar eru við setningu laganna og fara fyrir endurmat hafa fast fyrningarhlutföll í lagmarki meðan þau sem koma til eftir setningu laganna hafa fyrningarhlutfall á ákveðnu bili.

### 4. gr.

*Fyrningarhlutföll við endurmat.*

*Fyrning mannvirkja og búnaðar orkufyrirtækja skal við endurmat vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:*

- 1. Orkuver, virkjanir, hitaréttindi og vatnsréttindi 1%.*
- 2. Aðveitustöðvar, spennistöðvar, dreifistöðvar, stöðvarhús, stiftur, inntaksmannvirki, lokuhús, brýr, þrýstivatnspípur, aðveitukerfi, dreifikerfi, dælustöðvar, geymar, aðalæðar, aðveituaeðar, stofnæðar, flutningsæðar, inntök, mælagrindur og dælustöðvar 2%.*
- 3. Rafbúnaður í aðveitu- og dreifistöðvum, vegir og ræktun 4%.*
- 4. Búnaður í dælustöðvum, dreifistöðvum og aðveitustöðvum 5%.*
- 5. Kerfisráður, stýrikerfi, stjórnkerfi og álagsstýrikerfi 10%.*

*Um fyrningu annarra eigna orkufyrirtækja við endurmat skulu gilda lágmarksfyrningarhlutföll ákveðis 37. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.*

## 5. gr.

### Fyrningar.

Fyrning mannvirkja og búnaðar orkufyrirtækja skal vera árlegur hundradshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

1. Orkuver, virkjanir, hitaréttindi og vatnsréttindi að lágmarki 1%, að hámarki 3%.
2. Aðveitustöðvar, spennistöðvar, dreifistöðvar, stöðvarhús, stíflur, imtaksmannvirki, lokuhús, bryr, þrýstivatnspípur, aðveitukerfi, dreifikerfi, dælustöðvar, geymar, aðalæðar, aðveitueðar, stofnæðar, flutningsæðar, inntök, mælagrindur og dælustöðvar að lágmarki 2%, að hámarki 4%.
3. Rafbúnaður i aðveitu- og dreifistöðvum, vegir og ræktun að lágmarki 4%, að hámarki 6%.
4. Búnaður i dælustöðvum, dreifistöðvum og aðveitustöðvum að lágmarki 5%, að hámarki 7%.
5. Kerfissráður, stýrikerfi, stjórnkerfi og álagsstýrikerfi að lágmarki 10%, að hámarki 12%.

Um fyrningu annarra eigna orkufyrirtækja skulu gilda ákvæði III. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

Fyrningargrunnur eigna samkvæmt þessari grein telst stofnverð þeirra að teknu tilliti til endurmats skv. 3. gr. laga þessara.

Sérstaka athygli vekur að ekki er gerður greinarmunur á stóriðjuverum og almennum orkufyrirtækjum.

Frumvarp þetta tekur til eigna- og tekjuskatts orkufyrirtækja sem áður voru undanskilin greiðslu þessara skatta með ákvæðum orkulaga nr. 58/1967:

*[80. gr.<sup>1)</sup> Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins ...<sup>2)</sup> og jarðboranir ríkisins eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga. [Sama á við um hitaveitur og/eða rafveitur sem hafa einkaleyfi til starfsemi sem kveðið er á um i IV. og V. kafla laga þessara.]<sup>3)</sup>*

[Þó skulu aðilar skv. 1. mgr. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af fasteignum i eigu þeirra samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup>L. 53/1985, 2. gr. <sup>2)</sup>L. 48/1992, 4. gr. <sup>3)</sup>L. 78/2001, 3. gr. <sup>4)</sup>L. 135/2003, 1. gr.

En 80. gr. orkulaga tók ekki aðeins á tekjuskatti heldur einnig á gjöldum og öðrum sköttum til ríkis en frumvarpið tekur ekki til þeirra.

Einnig kemur bæði fram í lögum um landsvirkjun nr. 42/1983 og lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíku nr. 139/2001 að þau skuli vera undanþegin:

*16. gr. [Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum Landsvirkjunar samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.]<sup>1)</sup>*

*10. gr. Um skyldu Orkuveitu Reykjavíkur til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sýslu- og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og slíkan rekstur hafa með höndum. [Þó skal Orkuveita Reykjavíkur greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af fasteignum fyrirtækisins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.]<sup>1)</sup> Orkuveita Reykjavíkur skal undanþegin stimpilgjöldum*

Er gerð athugasemd við að frumvarpið skuli ekki taka til þessara gjalda og annarra skatta.

Alþingi  
Erindi nr. P 131/938  
komudagur 2.3.2005

Alþingi,  
Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 28.2.2005

## Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með bréfi dags. 10. febrúar s.l. óskað umsagnar Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Fjármálaráðuneytið sendi Orkuveitu Reykjavíkur frumvarpið til umsagnar þegar það var til meðferðar í ráðuneytinu. Orkuveitan gerði þá ýmsar athugasemdir við efni frumvarpsins og hefur verið tekið tillit til sumra þeirra. Fyrir það skal þakkað. Samt sem áður er nauðsynlegt að gera athugasemdir við frumvarpið og benda Alþingi á afleiðingar frumvarpsins fyrir orkufyrirtækin og neytendur.

### 1. Orkuveita Reykjavíkur gerir eftirfarandi athugasemdir við endurmat eigna:

- Orkuveitan leggur mikla áherslu á að við mat á stofnkostnaði verði heimilt að byggja á endurstofnverði en ekki framreiknuðu kostnaðarverði. Þetta er byggt á því að eignir orkufyrirtækjanna eru sumar mjög gamlar og hefur bókhald og bókhaldsvenja fyrirtækjanna breyst mikið frá því að til eignanna var stofnað. Það mun því leiða til óhemju kostnaðar ef leita þarf að frumgögnum um kostnað einstakra eininga. Hins vegar er tiltölulega einfalt að finna hvað kostar að framkvæma sama hlut í dag og hvers virði hann er því fyrirtækjunum. Að nota endurstofnverð mun leiða til lægri niðurstöðu þar sem efni og tækjakostur er mun fullkomnari í dag og framkvæmdakostnaður því lægri en fyrr á árum.
- Í grundvallaratriðum er miðað við kostnaðarverðsregluna í reikningsskilum við endurmat á eignum. Þó er vikið að því í 9. mgr. 3. gr. að hægt sé að framkvæma endurmat á grundvelli framreiknings sem ríkisskattstjóri heimili að nota, enda sé það endurmat sambærilegt endurmati skattalaga. *Þetta virðist binda hendur RKS þannig að eingöngu stofnunin geti samþykkt endurmat sem byggist á framreikningi "kostnaðarverðs".*
- Skv. lögum um ársreikninga ber að meta fastafjármuni til eignar skv. kostnaðarverði. Þar kemur fram að kostnaðarverðið samanstandi af kostnaðarverði aðfanga, þ.e. efnis, vinnu og kostnaðarauka sem beint eða óbeint leiðir af framleiðslu/kaupum á fjármunum. Auk þess má telja fjármagnskostnað af lánsfé sem nýtt er til að fjármagns við kaupin eða framleiðsluna.
- Í lögum um ársreikninga er heimilt að færa verðmæti eigna upp til samræmis við raunvirði. Þá er að vísu gengið út frá því að kostnaðarverðið sé þekkt en endurmatið byggir á því að varanlegar hækkningar hafi átt sér stað á bókfærðu verði. Slík hækkun getur þá átt uppruna sinn í því að líftími eignanna sé í reynd lengri en

sú viðmiðum sem stuðst var við þegar eignin var tekin í notkun í upphafi. Einnig getur verið að raunvirði hafi verið lágt vegna þessa að framleiðslukostnaður hafi verið óeðlilega lár þegar eignin var keypt og kaupverð eða framleiðslukostnaðarverð samskonar eða sambærilegar eigna mun hærra í dag.

- Orkuveita Reykjavíkur leggur til að 9. mgr. 3. gr. orðist þannig;

*Í stað endurmats samkvæmt 2.–4. mgr. er á grundvelli samþykkis ríkisskattstjóra heimilt að nota framreiknað verð eins og það var bókfært í árslok 2001, enda hafi endurmat fyrirtækis á eignum sínum verið sambærilegt endurmati laga um ársreikninga. Til frádráttar þannig ákvörðuðu endurmetnu verði reiknast sá hundraðshluti fyrninga sem um getur í 4. gr. ár hvert frá og með kaup- og byggingarári til ársloka 2004. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð.*

2. Samkvæmt 4. tl. 4. gr. er fyrningarhlutfall búnaðar í dælustöðvum, dreifistöðvum og aðveitustöðvum 5%. Samkvæmt 3. tl. sömu greinar er fyrningarhlutfall rafbúnaðar í aðveitu- og dreifistöðvum 4%. Lagt til að fyrningarhlutfallið verði það sama á báðum tilvikum eða 4%. Með sama hætti þarf að samræma ákvæði 3. og 4. tl. 5. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að orkufyrirtæki greiði framvegis tekjuskatt og eignaskatt en þau hafa verið undanþegin greiðslu þessara skatta fram til þessa. Í bréfi til fjármálaráðuneytisins hefur Orkuveita Reykjavíkur lýst sig andvíga markmiðum frumvarpsins, m.a. af eftirtöldum ástæðum.

3. Skattlagning á orkufyrirtæki mun óhjákvæmilega leiða til hækkunar verðs þar sem í núverandi gjaldskrá gerir ekki ráð fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta. Í athugasemdum við frumvarpið kemur ekki fram hvaða áhrif þessi skattlagning hefur á orkufyrirtækin og ekki kemur fram hvaða breytingar verða á gjaldskrá fyrirtækjanna verði frumvarpið að lögum.
4. Orkuveita Reykjavíkur er með samninga um orkusölu til stóriðju sem gilda í 20 ár. Samningar þessir hafa verið gerðir fyrir hvatningu ríkisins og engir fyrirvarar af þess hálfu um að gera þurfi ráð fyrir skattlagningu til framtíðar. Arðsemisútreikningar sem gerðir hafa verið í góðri trú vegna stórframkvæmda hafa ekki gert ráð fyrir greiðslu þessara skatta. Forsendur gerðra samninga og arðsemi þeirra raskast verulega verði frumvarp þetta að lögum.
5. Orkuveita Reykjavíkur er í eigu fjögurra sveitarfélaga sem hafa haft af henni arð. Möguleikar Orkuveitunnar til arðgreiðslna til eigenda sinna skerðast verulega ef til skattgreiðslna kemur. Ljóst er að sveitarfélögin eru ekki undir þann tekjumissi búin.
6. Ekki þykir ástæða til að fjalla sérstaklega um áhrif eignarskatts þar sem gildistökuákvæði frumvarsins kveður á um að skattlagning komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2007 vegna tekna á árinu 2006 og eigna í lok þess árs. Alþingi hefur þegar samþykkt að eignarskattur einstaklinga og lögaðila falli niður 31. desember 2005.
7. Til að raska ekki samkeppnisstöðu orkufyrirtækja er nauðsynlegt að kveða á um að sömu reglur gildi um skattskyldu þeirra og skatthlutfall óháð því hvert rekstrarformið er.
8. Flestar orkuveitur landsins eru með fjölpætta starfsemi svo sem rafmagnsdreifingu, rafmagnsframleiðslu, hitaveitur, vatnsveitur og fleiri starfssvið. Mikilvægt er að sömu reglur gildi óháð því hver starfsemin er sem verið er að skattleggja. Mjög



kostnaðarsamt er fyrir fyrirtækin þegar mismunandi reglur gilda fyrir mismunandi starfsemi.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Þóroddsson,  
forstjóri



Reykjavíkurborg  
Borgarlögmaður

Alþingi  
Erindi nr. P 131/979  
komudagur 7.3.2005

Reykjavík, 3. mars 2005  
R05020079  
175  
GE/ásig

Alþingi - Nefndasvið  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Þórshamri við Templarasund  
150 REYKJAVÍK

***Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja.***

Borgarráði Reykjavíkur hefur borist bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. f.m., ásamt frumvarpi til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál, til umsagnar.

Reykjavíkurborg lýsir stuðningi við umsögn Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. f.m., um frumvarpið.

Gunnar Eydal

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

Reykjavík, 4. mars 2005 2005020211

TILVÍSUN

T-ums 6/05

### Umsögn um 364. mál, frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja.

Með bréfi háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu 10. febrúar 2005, er óskað eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Fer hún hér á eftir.

Ríkisskattstjóri telur almennt óheppilegt að skattskyldu einstakra atvinnugreina eða fyrirtækja sé skipað með sérlögum. Ákvæði fyrirbyggjandi frumvarps fela í sér breytingar eða frávik frá ákvæðum laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt. Telur ríkisskattstjóri því æskilegt að fella ákvæði frumvarpsins inn í lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt. Efnisskipan gæti verið með eftirgreindum hætti í lögum nr. 90/2003:

1. Efni 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. frumvarpsins yrði 2. mgr. 4. gr. laganna, svohljóðandi:  
*Undanþágur skv. 1. mgr. taka ekki til orkufyrirtækja, þ.e. fyrirtækja sem stunda vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni.*
2. Ákvæðum II. kafla frumvarpsins og 6. gr. yrði í samræmi við efni þeirra skipað í ákvæðum til bráðabirgða við löginn.
3. Efni 5. gr. frumvarpsins yrði fellt inn í 37. gr. laganna.


Ríkisskattstjóri sér ekki að sérstök þörf sé efnis 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins sé það fellt inn í lög um tekjuskatt og eignarskatt. Atvinnufyrirtæki í eigu hins opinbera eru bókhaldsskyld skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. bókhaldslaga nr. 145/1994. Þá eru opinber orku- og veitufyrirtæki virðisaukaskattsskyld skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með þeim skyldum varðandi tilhögun bókhalds sem kveðið er á um í VIII. kafla þeirra laga. Ennfremur hvíla á opinberum orkufyrirtækjum skyldur varðandi aðgreiningu í bókhaldi skv. II. kafla reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.


Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir fyrningu mannvirkja og búnaðar orkufyrirtækja. Þótt ekki sé það sagt berum orðum í ákvæðinu, þá verður fyrningarákvæðið vart skilið á annan veg en þann að orkufyrirtækjum verði heimilað að færa umrædda fyrningu til frádráttar tekjum við skattuppgjör. Meðal fyrnanlegra eigna er í 3. tölul. greinarinnar tiltekin ræktun. Af því tilefni vekur ríkisskattstjóri athygli á almennu ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 90/2003 um frádrátt frá tekjum lögaðila og atvinnurekstrartekjum manna: "*Frá tekjum lögaðila og tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt að draga rekstrarkostnað, það er þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við.*" Jafnframt vekur ríkisskattstjóri athygli á ákvæði 33. gr. laga nr. 90/2003, en samkvæmt því er

annað tveggja skilgreiningaratriða fyrnanlegrar eignar, að um sé að ræða varanlegan rekstrarfjármun sem notaður er til öflunar tekna í atvinnurekstri. Ríkisskattstjóri leyfir sér að draga í efa að ræktun orkufyrirtækja uppfylli almennt þessi skilyrði frádráttar frá tekjum við skattskil.

Virðingarfyllst  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Ingvar J. Rögnvaldsson

  
Sigrún Högnason



Alþingi  
Erindi nr. P 131/896  
komudagur 28.2.2005

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi efnahags- og viðskiptanefnd  
b.t. Stefáns Á. Auðólfssonar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 23. febrúar 2005

0502086SA ÞS/sp  
Tilv.:220

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 18. febrúar var lagt fram bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. febrúar 2005, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn um frumvarpið. Steinunn V. Óskarsdóttir, Anna Kristinsdóttir og Sigrún Jónsdóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórunn Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja



## Umsögn

Málsnr.: 0502086SA

Dags.: 17. febrúar 2005

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 220

#### um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. febrúar sl., barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál 131. löggjafarþings.

Efnisatriði frumvarpsins eru í grundvallaratriðum skýr. Verði það að lögum munu „orkufyrirtæki“ verða skattskyld samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins tekur skattskyldan til allra orkufyrirtækja. Í 2. gr. er orkufyrirtæki skilgreint sem fyrirtæki sem stundar vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni. Undir gildissvið laganna falla því ekki aðeins raforkufyrirtæki heldur einnig hitaveitur.

Í skattskyldunni felst að nefnd fyrirtæki munu greiða tekjuskatt, sem á lögaðila nemur nú 18%, og eignarskatt, sem að gildandi lögum er 0,6% en áform eru uppi um að fella niður. Frumvarpið hefur eðli máls samkvæmt ekki áhrif á greiðslu tryggingagjalds.

Setning raforkulaga á árinu 2003 fól í sér innleiðingu á ákveðinni samkeppni á raforkumarkaði. Segja má að skattlagning raforkufyrirtækja til samræmis við önnur fyrirtæki á samkeppnismarkaði sé afleiðing þess. Sambandið hefur ekki beitt sér sérstaklega gegn skattlagningu raforkufyrirtækja. Þó skal bent á að raforkufyrirtæki eru að stórum hluta í eigu sveitarfélaga. Aukin skattlagning á rekstur raforkufyrirtækja mun eðli máls samkvæmt hafa áhrif á það verð sem raforkunotendur greiða. Þær auknu álögur renna beint til ríkissjóðs en ekki til sveitarfélaganna eða fyrirtækja þeirra. Frá sjónarhóli neytenda mun ákvörðun um hækkun raforkuverðs vera á ábyrgð og að frumkvæði raforkufyrirtækjanna sjálfra, þrátt fyrir að raunveruleg ástæða sé sú skattalagabreyting sem hér um ræðir. Þá má einnig benda á að vandséð er að umrædd ráðstöfun, þ.e. skattlagning orkufyrirtækja, muni koma neytendum til góða. Samkeppni milli raforkufyrirtækja er enn sem komið er mjög takmörkuð og ekki verður séð að breyting sem þessi muni hafa áhrif á samkeppnishæfni annarra fyrirtækja gagnvart raforkufyrirtækjunum.

Sambandið leggst hins vegar alfarið gegn þeirri fyrirætlan sem fram kemur í frumvarpinu að hitaveitur verði skattskyldar með sama hætti og raforkufyrirtæki. Verður ekki séð að nokkur rök séu fyrir því að setja hitaveitur undir sama hatt og raforkufyrirtæki að þessu leyti, enda starfa hitaveitur ekki í samkeppnisumhverfi. Engar breytingar hafa orðið á löggjöf um starfsemi hitaveitna eða rekstrarumhverfi þeirra að öðru leyti sem kalla á slíka skattlagningu. Sveitarfélög eða samtök þeirra sem reka hitaveitur hafa einkaleyfi til slíks rekstrar samkvæmt 30. gr. orkulaga nr. 58/1967. Í því felst m.a. einkaleyfi til að annast dreifingu eða sölu heits vatns eða

gufu til almenningsnota á tilteknu veitusvæði frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Ekki er því um að ræða neins konar samkeppnislega þætti í starfsemi hitaveitna. Löggjöf um hitaveitur byggir á þeim grundvelli að um sé að ræða rekstur samfélagslegrar þjónustu og eðli rekstrarins og náttúruauðlindarinnar er einnig með þeim hætti að samkeppni, hvort sem er við aðrar hitaveitur, rafmagn eða aðra orkugjafa er í raun ekki fyrir hendi. Fræðilega má hugsa sér að ein orkutegundin keppi við aðra um hylli neytenda. Sú er þó ekki raunin hvað varðar raforku og heitt vatn. Heitt vatn til húshitunar er almennt það mikið hagkvæmari lausn en aðrir orkugjafar að í reynd verður ekki rætt um samkeppni á þessu sviði. Vegna tiltekinna eðlisþátta, s.s. einkaleyfa og einnig vegna takmarkana sem möguleikar á dreifingu á heitu vatni fela í sér er einnig mjög fjarlægt að hugsa sér samkeppni milli hitaveitna innbyrðis. Skattlagning á starfsemi hitaveitna þjónar því engum tilgangi, hvorki samkeppnislegum né öðrum. Þá er slík skattskylda í hróplegu ósamræmi við þá meginreglu sem fram kemur í 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.


*Með vísan til framangreinds er lagt til að frumvarpinu verði breytt á þá leið að í stað orðsins „orkufyrirtæki“ í lögunum komi orðið „raforkufyrirtæki“. Þá er lögð til sú breyting á 2. gr. laganna að orðin „og heitu vatni“ í lok greinarinnar falli brott.*

Að lokum vill sambandið vekja athygli Alþingis á því að breyting á skattalegri stöðu hitaveitna, sem ekki verður séð að styðjist við nein efnisleg rök, felur í raun í sér meiriháttar breytingu á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Slíkar breytingar þarfnast ítarlegri umræðu við sveitarfélögin en farið hefur fram til þessa.

#### SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 131/1184  
komudagur 6.4.2005

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðherra  
hr. Árni Magnússon  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. apríl 2005

0409002SA PS/sp  
Tilv.: 008

### Efni: Skattlagning hitaveitna og vatnsveitna

Á Alþingi eru nú til meðferðar annarsvegar frumvarp til laga um skattlagningu orkufyrirtækja, 364. mál, og hinsvegar frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur látið hlutaðeigandi þingnefnum í té meðfylgjandi umsagnir um framangreind þingmál dagsettar 17. febrúar 2005 og 7. mars 2005.

Á sameiginlegum fundi efnahags- og viðskiptanefndar og iðnaðarnefndar Alþingis í dag fylgdu undirritaður og Sigurður Óli Kolbeinsson, sviðsstjóri lögfræðisviðs sambandsins, eftir þeim efnislegu athugasemdum sem fram koma í umsögnum sambandsins við umrædd frumvörp.

Að óbreyttu mun samþykkt frumvarpanna leiða til þess að allar hitaveitur í landinu verða skattskyldar svo og einnig þær vatnsveitur sem reknar eru á vegum fyrirtækja er sameiginlega annast rekstur rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna, þ.e. Hitaveita Suðurnesja og Norðurorka, svo dæmi séu nefnd. Ólíkt rekstrarform vatnsveitna mun því leiða til þess að þær verða skattlagðar með misjöfnum hætti.

Í framangreindum umsögnum kemur fram að sambandið leggst alfarið gegn því að hitaveitur og vatnsveitur verði skattlagðar með sama hætti og raforkufyrirtæki, enda styðst sú nýja skattlagning ekki við nein efnisleg rök og mun leiða til hækkunar á gjaldskráum umræddra fyrirtækja eða til lækkunar á þeim arði sem sveitarfélögin hafa haft af þessari starfsemi sinni.

Í umsögnum sambandsins eru lagðar til breytingar á tilteknum greinum frumvarpanna sem leiða til þess að hitaveitur og vatnsveitur verða áfram með óbreyttum hætti undanþegnar skattgreiðslum til ríkisins en óljóst er hvort Alþingi hyggst taka tillit til þeirra athugasemda.

Að mati sambandsins fela umrædd frumvörp í sér meiriháttar breytingu á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga verði þau lögfest óbreytt. Með vísan til 100. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga óskar sambandið því eftir formlegum viðræðum við fulltrúa ríkisins um efni frumvarpanna áður en þau verða afgreidd á Alþingi.





Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


*Pórður Skúlason*

Pórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál  
Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði,  
396. mál

Afrit: Fjármálaráðherra,  
iðnaðarráðherra,  
iðnaðarnefnd Alþingis,  
efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1090  
komudagur 17.3.2005



SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM  
FITJUM - 260 NJARÐVÍK  
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279  
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 14. mars 2005

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK.

**Varðar umsögn um frumvarp tillaga um skattskyld orkufyrirtæki.**


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 11. mars s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 10. febrúar s.l. þar sem óskað var til umsagnar frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

Alþingi, nefndasvið  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2005

**Efni: Frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja**

Samorka hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál 131. löggjafarþing.

Samorka gerði athugasemdir á undirbúningsstigi frumvarpsins, sem að hluta til var fallist á. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir og ábendingar:

- Samorka vill benda á að álagning tekjuskatts á orkufyrirtæki muni óhjákvæmilega leiða til hækkunar orkuverðs.
- Lagt er til að endurmat við eigna verði miðað við endurstofnverð en ekki framreiknað kostnaðarverð.
- Tímalengd yfirfæranlegra tapa þarf að vera lengri en heimilt er samkv. lögum um tekju- og eignaskatt nr. 90/2003. Þetta er talið óhjákvæmilegt vegna mikilla sveiflna í afkomu og langs fjárfestingatíma orkufyrirtækja.
- Þá er á það bent að fiskræktarsjóðsgjald sem lagt hefur verið á vatnsaflsvirkjanir samkv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 er skattlagning á eina tegund raforkuframleiðslu umfram aðrar. Álagning af þessu tagi skekkir samkeppnisstöðu á nýjum raforkumarkaði, fyrir utan að vera órökrétt. Þess vegna ber að leggja gjaldið af þegar skattareglur raforkufyrirtækja verða felld að almennum skattalögum.

Samorka vísar að öðru leyti til umsagna orkufyrirtækja.

Virðingarfyllt



Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1004  
komudagur 7.3.2005



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

4. mars 2005

**Efni: Frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál.**

Samkvæmt frumvarpinu eru undanþágur orkufyrirtækja frá tekjuskatti afnumdar og þau skattlögð, eins og önnur fyrirtæki, á grundvelli laga um tekjuskatt og eignarskatt. Með orkufyrirtæki er átt við fyrirtæki sem stundar vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni.

Rökin fyrir breytingunni er að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði í takt við almenn samkeppnissjónarmið. Ekki eru sjáanleg rök fyrir því að undanþiggja orkufyrirtæki tekjuskatti, en þau greiða aðra skatta eins og t.d. tryggingagjald og virðisaukaskatt. Þótt stærstu fyrirtækin á þessu sviði séu í eigu opinberra aðila þá eru skil milli þessara fyrirtækja og annarra fyrirtækja, sem eru að fullu skattskyld, eru ekki skýr. Einstaklingar standa t.d. að rekstri orkuveitna sem eru skattskyld með venjulegum hætti. Orkufyrirtæki eiga einnig hluti í öðrum fyrirtækjum og óeðlilegt að slík fyrirtæki njóti skattaívilnunar með óbeinum hætti í gegnum skattfrelsi orkufyrirtækja.

Samtök atvinnulífsins styðja því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst,

  
Hannes G. Sigurðsson

Aðsetur:  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

Sími:  
591 00 00

Bréfsími:  
591 00 50

Netfang:  
sa@sa.is

Veffang:  
www.sa.is



Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/964  
komudagur 4.3.2005

3. mars 2005  
SÍ-21429

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 9. febrúar 2005 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál.

Tæknileg mál sem varða skattheimtu og framkvæmd hennar eru utan hlutverks og verkswiðs Seðlabanka Íslands eins og það er skilgreint í lögum. Bankinn tjáir sig því ekki um frumvarpið að öðru leyti en því að nefna að almennt er sú meginregla góð við skattlagningu að skattstofnar séu breiðir og undanþágur fáar. Slíkt gefur færi á lægri skatt-  
hlutföllum en ella og dregur úr óæskilegum hliðaráhrifum skattlagningar. Frumvarpið felur í sér æskileg markmið um einföldun og jöfnun á skattalegri meðferð fyrirtækja.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísleifur Gunnarsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK  
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1015  
komudagur 8.3.2005



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2005.

**Efni: Frv. til laga um skattskyldu orkufyrirtækja (364. mál).**

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð styður það að frumvarpið nái fram að ganga og gerir ekki athugasemdir við einstök ákvæði þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

  
Sigríður A. Andersen.

Póstáritun:  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: [mottaka@chamber.is](mailto:mottaka@chamber.is)  
Website: [www.chamber.is](http://www.chamber.is)